

143 einirberja-brennivíni (Genève), og af alls konar kryddvínunum, sem til eru búin úr áfengum
8. nóv. drykkjum, skuli heimta samkvæmt 4. lið 1. greinar í lögum 11. febr. 1876.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að tillögur yðar eru hjer með samþykktar.

144 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán úr viðlaga-*
8. nóv. *sjóði.* — Í þóknanlegu brjefi 4. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, lagt það til, samkvæmt þar að lútandi bœnarskrá, að veitt verði Stefáni prófasti P. Stephensen, alþingismanni fyrir Ísafjarðarsýslu, 6600 króna lán úr viðlagasjóði, gegn 4% í vöxtu á ári og gegn handfengnu veði í konunglegum 4% skuldbriefum ásamt tilheyrandi vaxtaseðlum, sem nema 8800 kr., og með þeirri skuldbindingu, að endurborga lánið eptir uppsögn með missirisfyrirvara; og getið þjer þess, að Stefán prófastur hafi skýrt yður svo frá munnlega, að hann ásamt nokkrum bændum í sýslunni ætlaði lánið til að kaupa þiljuskip til hákarlaveiða.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og frekari ráðstafana, að hið umbeðna lán veitist hjer með eptir atvikum, með framangreindum kostum, og með því skilyrði, að láninu sje varið til þess, sem beiðandi hefir sagt. Þar sem þjer, herra landshöfðingi, hafið spurt, hvort þjer munduð, ef til kæmi, mega ávísar fjenu úr aðalfjárhirzlunni, skal eigi látið undan falla að bæta því við, að um greiðslu úr henni verður að snúa sjer til hlutaðeigandi ráðherra.

145 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um breytingu á kon-*
9. nóv. *ungsúrskurði 12. apríl 1834 m. fl.* — Eptir allrapegnsamlegustum tillögum mínum hefir hans hátign konunginum 7. þ. mán. þóknast allramildilegast að skipa fyrsta meðdómanda í hinum íslenzka landsyfjrrjetti, Jón Pjetursson, dómstjóra í tjeðum rjetti, og annan meðdómanda og dómsmálaritara í fyrnefndum rjetti, Magnús Stephensen, fyrsta meðdómanda í rjettinum, og að fallast á, að konungsúrskurði 12. apríl 1834 sje breytt þannig, að þýðingu dómsgjörða í opinberum málum og gjafsóknarmálum, er skotið er til hæstarjettar, úr íslenzku á dönsku, sem hingað til hefir verið af hendi leyst af fyrsta meðdómanda í landsyfjrrjettinum fyrir þóknun sjer í lagi, skuli þessi embættismaður eptirleiðis hafa á hendi endurgjaldslaust.

Þetta er eigi látið undan falla að tilkynna yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

146 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um fram-*
16. nóv. *færsluskyldu stjúp barns.* — Hreppsnefndin í Hraungerðishreppi í Árnessýslu hefir áfrýjað til mín úrskurði yðar, herra amtmaður, frá 16. marz þ. á., um að Bergur bóndi Bergsson í Kálfhaga hafi ekki verið skyldur til að leggja annan framfærslustyrk með stjúpfoður sínum, Magnúsi Erlendssyni, er átti sveit í áminnztum hreppi og dó í fyrra sumar, en þann, sem hann með sjerstökum samningi kann að hafa skuldbundið sig til að greiða. Af skjölum málsins sjest, að eptir að þau hjón, móðir Bergs og stjúpfaðir hans, höfðu skilið að samvistum og skipt með sjer eigum sínum, án þess að nokkur reglulegur hjónaskilnaður hefði átt sjer stað, tók Bergur stjúpfoður sinn til sín sem matvinnung, en